



**SAMANDREGINN ÁRSHLUTAREIKNINGUR SAMSTÆÐUNNAR**  
**1. MARS TIL 31. ÁGÚST 2022**

**BÓNUS**

**HAGKAUP**

**olis**

**Danamar ehf.**

**ADFÖNG**

**ZARA**

**STÓR  
KAUP**

# EFNISYFIRLIT

---

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra .....	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda .....	5
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Eiginfjárfirlit .....	8
Sjóðstreymisyfirlit .....	9
Skýringar .....	10

# SKÝRSLA OG YFIRLÝSING STJÓRNAR OG FORSTJÓRA

Hagar hf. („félagið“) er verslunarfyrirtæki með starfsemi á Íslandi en félagið er leiðandi á íslenskum matvöru-, sérvöru- og eldsneytismarkaði. Í lok tímabilsins starfrækti félagið 38 matvöruverslanir, 25 Olís þjónustustöðvar, 42 ÓB-stöðvar, tvö vöruhús, eina framleiðslustöð, eina birgðaverslun og eina sérvöruverslun. Kjarnastarfsemi Haga er á sviði matvöru og tengdra vöruhúsa, auk eldsneytissölu.

Árshlutareikningur Haga hf. fyrir tímabilið 1. mars til 31. ágúst 2022 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Árshlutareikningurinn samanstendur af samandregnum samstæðureikningi Haga hf. og dótturfélaga þess, sem vísað er til sem samstæðunnar.

## Rekstur tímabilsins og fjárhagsleg staða

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu var hagnaður af rekstri samstæðunnar að fjárhæð 3.304 millj. kr. (2021/22: 2.436). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 70.081 millj. kr. (Árslok 2021/22: 65.192). Eigið fé í lok tímabilsins nam 26.786 millj. kr. (Árslok 2021/22: 26.726) og var eiginfjárhlutfall 38,2% (Árslok 2021/22: 41,0%).

Segja má að starfsemi samstæðunnar sé komin í eðlilegra horf í samanburði við síðustu tvö rekstrarár, þar sem áhrif COVID-19 heimsfaraldursins hafa farið dvínandi. Ferðalög landsmanna utan hafa aukist og erlendum ferðamönnum á Íslandi hefur fjölgað, sem hefur áhrif á eftirspurn á mörkuðum fyrir dagvöru og eldsneyti. Hnökra gætir þó enn í framleiðslu matvöru og í aðfangakeðjunni, bæði vegna eftirstöðva heimsfaraldursins og stríðsátaka í Úkraínu, sem hefur leitt til hækkunar á verði aðfanga, aukinnar verðbólgu og hærra vaxtastigs. Hagar munu, eftir sem áður, reyna að sporna við hækkandi vöruverði til neytenda og leggja þannig sitt af mörkum til að halda niðri verðbólgu og tryggja viðskiptavinum sínum vörur og þjónustu á sem hagkvæmasta verði.

Afkomuspá stjórnenda gerir ráð fyrir að rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) samstæðu Haga fyrir rekstrarárið 2022/23 verði á bilinu 10.200-10.700 millj. kr., ef frá eru talin áhrif sem tengjast sölu á eignum til Klasa. Áhrif þeirra viðskipta á EBITDA samstæðunnar eru um 966 millj. kr. Nánari upplýsingar má finna í skýringu 17. Fjárhagsleg staða samstæðu Haga hf. er sterk og er félagið vel í stakk búíð að takast á við ögrandi aðstæður í íslensku efnahagslífi. Fjármögnun samstæðunnar er að mestu tryggð til langs tíma og er aðgangur tryggður að skammtímafjármögnun í formi lánalína að fjárhæð 4,5 ma. kr. og USD 12,5 millj.

## Kaup á nýju hlutafé í Klasa ehf.

Þann 3. desember 2021 undirrituðu Hagar samning um áskrift að hlutafé í fasteignaþróunarfélaginu Klasa ehf. en samruninn kom til framkvæmda í lok 2. ársfjórðungs, þann 31. ágúst 2022. Fjárhagsleg áhrif viðskiptanna koma fram á tímabilinu, þ.e. á 2. ársfjórðungi. Nánari upplýsingar má finna í skýringu 17.

## Kaup á Eldum rétt ehf.

Í mars 2022 náðu Hagar samkomulagi við eigendur Eldum rétt ehf. um kaup Haga á öllu hlutafé Eldum rétt ehf. Kaupin voru gerð með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins sem samþykkti samrunann þann 17. október 2022. Gert er ráð fyrir að Hagar taki við rekstri félagsins þann 31. október nk. Nánari upplýsingar má finna í skýringu 19.

## Hlutafé og hluthafar

Skráð hlutafé félagsins nam í lok tímabilsins 1.133 millj. kr. Hver hlutur er ein króna að nafnverði. Allir hlutir eru í sama flokki og njóta sömu réttinda. Félagið á í lok tímabilsins eigin hluti að nafnverði 7,0 millj. kr.

Hluthafar voru 986 í byrjun rekstrarársins og 1.044 í lok ágúst 2022.

Þann 1. júní 2022 samþykkti aðalfundur félagsins að greiddur yrði arður til hluthafa vegna síðastliðins árs sem nemur 2,0 krónum á hlut eða 2.265 millj. kr. Arðurinn var greiddur þann 15. júní 2022. Aðalfundur samþykkti einnig að lækka hlutafé félagsins til ógildingar á eigin hlutum að nafnverði 21,6 millj. kr. Lækkunin kom til framkvæmda þann 21. júní 2022 og lækkaði hlutafé Haga því úr 1.154 millj. kr. að nafnverði í 1.133 millj. kr. að nafnverði.

# SKÝRSLA OG YFIRLÝSING STJÓRNAR OG FORSTJÓRA, FRH.:

---

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra gefur samandreginn árslutareikningur samstæðunnar glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar fyrir tímabilið 1. mars til 31. ágúst 2022, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 31. ágúst 2022 og breytingum á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árslutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar, og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Haga hf. hafa í dag farið yfir árslutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. mars til 31. ágúst 2022 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Ársreikningurinn er undirritaður með rafrænum hætti í samræmi við lög nr. 55/2019, um rafræna auðkenningu og traustþjónustu um rafræn viðskipti.

Reykjavík, 19. október 2022

*Stjórn:*

---

Davíð Harðarson, formaður

---

Eva Bryndís Helgadóttir, varaformaður

---

Eiríkur S. Jóhannsson, meðstjórnandi

---

Jensína Kristín Böðvarsdóttir, meðstjórnandi

---

Sigríður Olgeirsdóttir, meðstjórnandi

*Forstjóri:*

---

Finnur Oddsson

# KÖNNUNARÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

---

Til stjórnar og hluthafa Haga hf.

## Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árslutareikning samstæðu Haga hf. fyrir tímabilið 1. mars til 31. ágúst 2022. Samandregni árslutareikningurinn hefur að geyma skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og forstjóra, rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu samandregna árslutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í þeirri ályktun sem af könnun okkar leiðir.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árslutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn árslutareikningur sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 19. október 2022

*PricewaterhouseCoopers ehf.*

---

Bryndís Björk Guðjónsdóttir

---

Vignir Rafn Gíslason

# REKSTRARREIKNINGUR OG YFIRLIT UM HEILDARAFKOMU

## 1. MARS TIL 31. ÁGÚST 2022

Skýr.	Annar ársfjórðungur*		Fyrri árshelmingur	
	2022 1.6.-31.8.	2021 1.6.-31.8.	2022 1.3.-31.8.	2021 1.3.-31.8.
Vörusala .....	43.399	34.885	81.612	66.919
Kostnaðarverð seldra vara .....	( 35.016)	( 27.501)	( 65.665)	( 52.686)
<b>Framlegð</b> .....	8.383	7.384	15.947	14.233
Aðrar rekstrartekjur .....	147	125	349	229
Hagnaður af sölu eigna .....	17 882	269	882	349
Laun og launatengd gjöld .....	( 3.438)	( 3.182)	( 6.881)	( 6.432)
Annar rekstrarkostnaður .....	( 1.605)	( 1.333)	( 3.260)	( 2.838)
<b>Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir</b> .....	4.369	3.263	7.037	5.541
Afskriftir .....	7 ( 1.099)	( 897)	( 2.120)	( 1.902)
<b>Rekstrarhagnaður</b> .....	3.270	2.366	4.917	3.639
Hrein fjármagnsgjöld .....	8 ( 426)	( 341)	( 970)	( 731)
Áhrif hlutdeildarfélaganna .....	94	90	138	121
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b> .....	2.938	2.115	4.085	3.029
Tekjuskattur .....	( 560)	( 406)	( 781)	( 593)
<b>Heildarhagnaður tímabilsins</b> .....	2.378	1.709	3.304	2.436
<b>Skipting hagnaðar:</b>				
Hluthafar móðurfélags .....	2.378	1.709	3.304	2.426
Hlutdeild minnihluta .....	0	0	0	10
	2.378	1.709	3.304	2.436
<b>Hagnaður á hlut:</b>				
Grunnhagnaður á hlut .....	2,10	1,48	2,92	2,11
Þynntur hagnaður á hlut .....	2,03	1,47	2,84	2,10
Starfspáttayfirlit, skýring .....	20			

Skýringar á blaðsíðum 10 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

\* Ekki kannað

## EFNAHAGSREIKNINGUR 31. ÁGÚST 2022

	Skýr.	31.8.2022	28.2.2022
<b>Eignir</b>			
Rekstrarfjármunir .....		20.981	21.215
Fjárfestingarfasteignir .....		3.437	3.474
Óefnislegar eignir .....		10.722	10.723
Leigueignir .....	13	8.478	8.151
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum .....	17	4.810	1.443
Eignarhlutir í öðrum félögum .....		40	40
Skuldabréfaeign .....		16	18
Fastafjármunir samtals		48.484	45.064
Vörubirgðir .....	9	12.419	10.707
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....	10	7.083	6.250
Handbært fé .....		2.095	783
Veltufjármunir samtals		21.597	17.740
Eignir til sölu .....	17	0	2.388
<b>Eignir samtals</b>		70.081	65.192
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....		1.126	1.139
Yfirverðsreikningur hlutafjár .....		160	1.147
Lögbundinn varasjóður .....		283	285
Bundnir eiginfjárreikningar .....		5.184	5.286
Óráðstafað eigið fé .....		20.033	18.869
Eigið fé samtals		26.786	26.726
<b>Skuldir</b>			
Vaxtaberandi langtímaskuldir .....	11	11.879	11.720
Leiguskuldir .....	13	7.169	6.918
Tekjuskattsskuldbinding .....		2.495	2.312
Langtímaskuldir samtals		21.543	20.950
Vaxtaberandi skammtímaskuldir .....	11	448	451
Skuldir við lánastofnanir .....	11	1.746	0
Leiguskuldir .....	13	2.065	1.966
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....	12	17.493	15.099
Skammtímaskuldir samtals		21.752	17.516
Skuldir samtals		43.295	38.466
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		70.081	65.192

Aðrar upplýsingar, skýringar ..... 14-16,18-19

Skýringar á blaðsíðum 10 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

# EIGINFJÁRYFIRLIT

## 1. MARS TIL 31. ÁGÚST 2022

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Lög- bundinn varasjóður	Bundinn hlutdeildar- reikningur	Bundinn eiginfjár- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
<b>Breytingar á eigin fé 1. mars til 31. ágúst 2022</b>									
Eigið fé 1. mars 2022 .....	1.139	1.147	285	5.274	12	18.869	26.726	0	26.726
Endurkaup á eigin bréfum - ógild* .....	( 6 )	( 494 )					( 500 )		( 500 )
Endurkaup á eigin bréfum .....	( 7 )	( 493 )					( 500 )		( 500 )
Heildarhagnaður tímabilsins .....						3.304	3.304		3.304
Breyting á varasjóð .....			( 2 )			2	0		0
Áfallinn kostnaður vegna kaupréttarsamninga ..					21		21		21
Flutt af bundnum hlutdeildarreikningi .....				( 123 )		123	0		0
Greiddur arður, 2,00 kr. á hlut .....						( 2.265 )	( 2.265 )		( 2.265 )
Eigið fé 31. ágúst 2022 .....	1.126	160	283	5.151	33	20.033	26.786	0	26.786
<b>Breytingar á eigin fé 1. mars til 31. ágúst 2021</b>									
Eigið fé 1. mars 2021 .....	1.154	2.132	289	4.433	0	17.181	25.189	( 2 )	25.187
Heildarhagnaður tímabilsins .....						2.426	2.426	10	2.436
Flutt af bundnum hlutdeildarreikningi .....				( 1.125 )		1.125	0		0
Áfallinn kostnaður vegna kaupréttarsamninga ..					12		12		12
Hlutdeild minnihluta við sölu á dótturfélagi .....							0	( 8 )	( 8 )
Greiddur arður, 1,27 kr. á hlut .....						( 1.466 )	( 1.466 )		( 1.466 )
Eigið fé 31. ágúst 2021 .....	1.154	2.132	289	3.308	12	19.266	26.161	0	26.161

Þann 1. júní 2022 samþykkti aðalfundur félagsins að greiddur yrði arður til hluthafa sem nemur 2,0 krónum á hlut. Arðurinn var greiddur þann 15. júní 2022.

\*Aðalfundur samþykkti einnig að lækka hlutfé félagsins til ógildingar á eigin hlutum að nafnverði 21,6 millj. kr. og er skráð hlutfé eftir lækkun því 1.133 millj. kr. og eigin bréf samtals 7,0 millj. kr. í lok tímabilsins.

Skýringar á blaðsíðum 10 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.



# SJÓÐSTREYMISYFIRLIT

## 1. MARS TIL 31. ÁGÚST 2022

	Skýr.	Annar ársfjórðungur*		Fyrri árshelmingur	
		2022 1.6.-31.8.	2021 1.6.-31.8.	2022 1.3.-31.8.	2021 1.3.-31.8.
<b>Rekstrarhreyfingar</b>					
Hagnaður tímabilsins .....		2.378	1.709	3.304	2.436
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:					
(Söluhagnaður) -tap .....		( 926)	5	( 994)	( 131)
Afskriftir .....	7	1.099	897	2.120	1.902
Hrein fjármagnsgjöld .....	8	426	341	970	731
Áhrif hlutdeildarféлага .....		( 94)	( 90)	( 138)	( 121)
Tekjuskattur .....		560	406	781	593
Aðrir liðir .....		35	12	35	12
Veltufé frá rekstri		3.478	3.280	6.078	5.422
Breytingar á rekstrartengdum eignum .....		( 1.466)	( 1.322)	( 3.066)	( 1.974)
Breytingar á rekstrartengdum skuldum .....		1.273	558	2.732	2.028
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt		3.285	2.516	5.744	5.476
Innheimtar vaxtatekjur .....		( 1)	7	4	14
Greidd vaxtagjöld .....		( 350)	( 323)	( 696)	( 600)
Greiddur tekjuskattur .....		( 149)	( 150)	( 297)	( 333)
Handbært fé frá rekstri		2.785	2.050	4.755	4.557
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>					
Fjárfesting í rekstrarfjármunum .....		( 488)	( 374)	( 992)	( 912)
Fjárfesting í fjárfestingarfasteignum .....		0	( 41)	0	( 74)
Fjárfesting í óefnislegum eignum .....		( 91)	( 29)	( 203)	( 44)
Söluverð rekstrarfjármuna .....		4	60	114	84
Fjárfesting í hlutdeildarfélagum .....		0	( 156)	0	( 156)
Mótttekinn arður frá hlutdeildarfélagum .....		174	124	174	124
Seldur eignarhlutur í dótturfélagi .....	17	50	0	50	141
Skuldabréfaeign, breyting .....		( 2)	0	0	( 17)
Fjárfestingarhreyfingar		( 353)	( 416)	( 857)	( 854)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>					
Keypt eigin bréf .....		( 500)	0	( 1.000)	0
Greiddur arður .....		( 2.265)	( 1.466)	( 2.265)	( 1.466)
Afborganir langtímalána .....		( 101)	( 124)	( 226)	( 238)
Breyting á lánalínu .....		1.747	0	1.747	( 601)
Leiguskuldborgunir .....	13	( 431)	( 424)	( 842)	( 835)
Fjármögnunarhreyfingar		( 1.550)	( 2.014)	( 2.586)	( 3.140)
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b> .....		882	( 380)	1.312	563
<b>Handbært fé í upphafi tímabils</b> .....		1.213	1.331	783	388
<b>Handbært fé í lok tímabils</b> .....		2.095	951	2.095	951
<b>Fjárfestingarhreyfingar án greiðsluáhrifa</b>					
Söluverð fasteigna .....	17	3.403	0	3.403	0
Fjárfesting í hlutdeildarfélagum .....		( 3.403)	0	( 3.403)	0

Skýringar á blaðsíðum 10 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

\* Ekki kannað

# SKÝRINGAR

---

## 1. Félagið

Hagar hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Holtavegi 10, Reykjavík. Samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið 1. mars 2022 til 31. ágúst 2022 hefur að geyma samstæðu árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“ og til einstakra félaga sem „samstæðufélaga“. Aðalstarfsemi félagsins er rekstur smásöluverslana og sala á eldsneyti. Yfirlit yfir félög í samstæðunni má finna í skýringu 14.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### *Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt*

Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34 eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir rekstrarárið sem endaði þann 28. febrúar 2022.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn þann 19. október 2022.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið sem lauk í febrúar 2022. Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins, [www.hagar.is](http://www.hagar.is).

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins, og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna.

## 4. Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

## 5. Starfspáttayfirlit

Starfspættir samstæðunnar eru tveir, verslanir og vöruhús annars vegar og Olís hins vegar. Starfsemi verslana og vöruhúsa er nær eingöngu í smásölurekstri matvöru á Íslandi. Stjórnendur hafa hingað til metið smásöluverslun eftir mismunandi tegundum verslana og landsvæðum og líta svo á að hún byggist á sambærilegum efnahagslegum einkennum, vörum, viðskiptavinum og birgjum. Heildsölurekstur matvöru og smásölurekstur sérvöru er óverulegur og undir þeim tekju-, hagnaðar- og eignamörkum sem hafa ber til viðmiðunar við gerð starfspáttayfirlits. Starfsemi Olís er að stærstum hluta í sölu eldsneytis og þjónustu sem því tengist.

Starfspáttayfirlitið má finna í skýringu 20.

## 6. Viðskiptavild

Engar vísbendingar voru um virðisrýrnun viðskiptavildar þann 31. ágúst 2022 og vegna þess var virðisrýrnunarpróf ekki framkvæmt.

## SKÝRINGAR, FRH.:

7. Afskriftir	2022		2021	
	1.6.-31.8.	1.6.-31.8.	1.3.-31.8.	1.3.-31.8.
Afskriftir greinast þannig:				
Afskriftir rekstrarfjármuna .....	563	479	1.064	989
Afskriftir fjárfestingarfasteigna .....	18	23	38	47
Afskriftir leigueigna .....	440	319	865	733
Afskriftir óefnislegra eigna .....	55	43	96	67
Hlutdeild í afskriftum Olíudreifingar ehf. ....	23	33	57	66
Afskriftir samtals .....	1.099	897	2.120	1.902

### 8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtatekjur af innstæðum og kröfum .....	0	7	8	14
Vaxtagjöld og verðbætur .....	( 459)	( 237)	( 850)	( 494)
Vaxtagjöld leiguskuldar .....	( 124)	( 112)	( 247)	( 234)
Fjármagnsgjöld samtals .....	( 583)	( 349)	( 1.097)	( 728)
Gengismunur .....	157	1	119	( 17)
Hrein fjármagnsgjöld .....	( 426)	( 341)	( 970)	( 731)

### 9. Vörubirgðir

Vörubirgðir greinast þannig:

	31.8.2022	28.2.2022
Matvara .....	5.046	5.115
Sérvara .....	2.093	1.885
Eldsneyti .....	4.714	3.316
Vörur í flutningi .....	566	391
Vörubirgðir samtals .....	12.419	10.707
Niðurfærsla birgða í lok tímabils .....	302	285

### 10. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

Viðskiptakröfur .....	6.151	4.877
Niðurfærsla viðskiptakrafna .....	( 261)	( 273)
Greiðslukortakröfur .....	725	1.379
Aðrar skammtímakröfur .....	430	231
Næsta árs afborgun skuldabréfaeignar .....	38	36
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals .....	7.083	6.250

## SKÝRINGAR, FRH.:

### 11. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig:	Vegið meðaltal vaxta		Eftirstöðvar	Eftirstöðvar
	31.8.2022	28.2.2022	31.8.2022	28.2.2022
Skuldir í ISK, óverðtryggðar .....	5,49%	3,80%	6.447	6.569
Skuldir í ISK, verðtryggðar .....	2,80%	2,80%	5.880	5.602
Lánalína .....	5,87%	-	1.746	0
Vaxtaberandi sk, þ.m.t. næsta árs afborgun .....			14.073	12.171
Næsta árs afborganir vaxtaberandi skulda .....			( 2.194 )	( 451 )
Langtímaskuldir samtals .....			11.879	11.720

Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:

Afborganir innan árs .....	2.194	451
Afborganir eftir 1 til 2 ár .....	2.941	457
Afborganir eftir 2 til 3 ár .....	439	2.949
Afborganir eftir 3 til 4 ár .....	446	452
Afborganir eftir 4 til 5 ár .....	454	458
Afborganir síðar .....	7.599	7.404
Samtals .....	14.073	12.171

Gangvirði fjáreigna og fjárskulda er jafnt bókfærðu virði þeirra.

### 12. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	31.8.2022	28.2.2022
Viðskiptaskuldir .....	13.779	11.227
Aðrar skammtímaskuldir .....	2.407	3.102
Tekjuskattur til greiðslu .....	1.307	770
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals .....	17.493	15.099

### 13. Leigueignir og leiguskuldir

Leigueignir og leiguskuldir samstæðunnar sem leigutaka eru eingöngu vegna húsnæðis. Leigueignir og leiguskuldir vegna lóðaleigusamninga eru ekki færðar.

Leigueignir greinast þannig frá upphafi til loka tímabilsins:	31.8.2022	28.2.2022
Leigueignir í upphafi tímabils .....	8.151	8.255
Nýir samningar á tímabilinu .....	595	1.442
Verðbætur á tímabilinu .....	592	463
Afskriftir tímabilsins .....	( 865 )	( 1.587 )
Aðrar breytingar samninga á tímabilinu .....	5	( 422 )
Leigueignir í lok tímabils .....	8.478	8.151

## SKÝRINGAR, FRH.:

### 13. Leigueignir og leiguskuldir, frh.:

Leiguskuldir greinast þannig frá upphafi til loka tímabilsins:	<b>31.8.2022</b>	<b>28.2.2022</b>
Leiguskuldir í upphafi tímabils .....	8.884	9.029
Nýir samningar á tímabilinu .....	595	1.442
Afborgunarpáttur leigugreiðslna .....	( 842)	( 1.627)
Verðbætur á tímabilinu .....	592	462
Aðrar breytingar samninga á tímabilinu .....	5	( 422)
Leiguskuldir í lok tímabils .....	<u>9.234</u>	<u>8.884</u>

Afborganir leiguskulda greinast þannig á næstu ár:

Afborganir innan árs .....	2.065	1.966
Afborganir eftir 1 til 2 ár .....	1.637	1.449
Afborganir eftir 2 til 3 ár .....	1.471	1.086
Afborganir eftir 3 til 4 ár .....	1.306	990
Afborganir eftir 4 til 5 ár .....	874	859
Afborganir síðar .....	1.881	2.534
Samtals .....	<u>9.234</u>	<u>8.884</u>

Heildarleigugreiðslur sem tengjast þeim leigusamningum sem færðir eru samkvæmt leigustaðli IFRS 16 námu 1.089 millj. kr. á tímabilinu (2021/22: 1.070 millj. kr.). Vaxtagreiðslur sem tengjast leigusamningum eru færðir til gjalda samanber skýringu 8.

### 14. Félög í samstæðu

Dótturfélög í samstæðu Haga hf. voru fimm í lok tímabilsins en sex í upphafi þess. Dótturfélögin eru eftirfarandi:

	Staðsetning	Eignarhlutur	
		31.8.2022	28.2.2022
Hagar verslanir ehf. ....	Ísland	100%	100%
Olís ehf. ....	Ísland	100%	100%
Bananar ehf. ....	Ísland	100%	100%
Noron ehf. ....	Ísland	100%	100%
Stórkaup ehf. ....	Ísland	100%	100%
Mjöll Frigg ehf. ....	Ísland	-	100%

Mjöll Frigg ehf., dótturfélag Olís ehf., var selt 1. ágúst 2022 og er ekki hluti af samstæðunni frá þeim tíma.

### 15. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar félagsins eru stórir hluthafar í félaginu, hlutdeildarfélag þess, lykilstjórnendur og stjórnarmenn. Viðskipti á milli félagsins og dótturfélaga þess, sem eru skilgreind sem tengdir aðilar, hafa verið færð út í samstæðureikningsskilum og eru ekki hluti af þessari skýringu.

	<b>2022</b>	<b>2021</b>
	<b>1.3.-31.8.</b>	<b>1.3.-31.8.</b>
<b>Viðskipti við tengda aðila</b>		
Viðskipti við tengda aðila greinast þannig:		
Seldar vörur og þjónusta .....	93	74
Keyptar vörur og þjónusta .....	996	775
Viðskiptakröfur í lok tímabils .....	2	1
Viðskiptaskuldir í lok tímabils .....	<u>113</u>	<u>126</u>

## SKÝRINGAR, FRH.:

### 16. Kennitölur

Helstu kennitölur samstæðunnar eru eftirfarandi:

	2022	2021
	1.3.-31.8.	1.3.-31.8.
<b>Rekstur</b>		
Hagnaðarhlutfall (rekstrarhagnaður fyrir afskriftir / vörusölu) .....	8,6%	8,3%
Launahlutfall (laun og launatengd gjöld / vörusölu) .....	8,4%	9,6%
Kostnaðarhlutfall (annar rekstrarkostnaður / vörusölu) .....	4,0%	4,2%
Veltuhraði birgða (kostnaðarverð seldra vara / meðalbirgðastaða) .....	10,8	11,0
Innheimtutími viðskiptakrafna í dögum .....	12,0	11,4
<b>Efnahagur</b>	<b>31.8.2022</b>	<b>28.2.2022</b>
Veltufjárlutfall (veltufjármunir / skammtímaskuldir) .....	0,99	1,01
Lausafjárlutfall ((veltufjármunir-birgðir) / skammtímaskuldir) .....	0,42	0,40
Skuldsetning (nettó vaxtaberandi skuldir / rekstrarhagnaður fyrir afskriftir) ..	1,77	2,28
Eiginfjárlutfall (eigið fé / heildareignir) .....	38,2%	41,0%
Innra virði hlutafjár (eigið fé / hlutafé) .....	23,79	23,46

### 17. Breytingar á samstæðunni

#### **Sala á þróunareignum og fjárfesting í Klasa ehf.**

Þann 3. desember 2021 undirrituðu Hagar hf. samning um áskrift að hlutafé í fasteignaþróunarfélaginu Klasa ehf. en líkt og tilkynnt var þann 24. september 2021 undirrituðu Hagar hf., Reginn hf., Klasi ehf. og KLS eignarhaldsfélag ehf. viljayfirlýsingu um frekari uppbyggingu og rekstur fasteignaþróunarfélagsins Klasa. Þann 10. júní 2022 undirrituðu Hagar sátt við Samkeppniseftirlitið vegna kaupanna, með þremur skilyrðum sem Hagar skuldbinda sig til að hlíta.

Framlag Haga í viðskiptunum eru fasteignir og lóðir og er metið á 3.912 millj. kr. Eignarhlutur Haga í Klasa er 1/3 af útgefnu hlutafé, líkt og eignarhlutur Regins og KLS eignarhaldsfélags. Verðmæti eigna Klasa eftir viðskiptin eru um 14,8 ma. kr. og eiginfjárlutfall félagsins 79%.

Viðskiptin komu til framkvæmda í lok 2. ársfjórðungs, þann 31. ágúst 2022, þegar öllum fyrirvörum hafði verið aflétt. Fjárhagsleg áhrif viðskiptanna koma fram á 2. ársfjórðungi. Þar sem viðskiptin tengjast framlagi verðmæta í hlutdeildarfélag Haga er óheimilt samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum að innleysa í rekstrarreikningi þann hluta söluhagnaðarins sem nemur eignarhlutdeild samstæðu Haga í Klasa. Af því leiðir að 33,3% af fjárhæð söluhagnaðarins er færður til lækkunar á bókfærðu verði eignarhlutarins í Klasa. Áhrif söluhagnaðar á EBITDA samstæðunnar, að frádrögnum sölukostnaði, nemur 966 millj. kr. Bókfærður eignarhlutur Haga í Klasa nemur 3.403 millj. kr., að frádrögnum óinnleystum söluhagnaði eigna, sem færður er sem eignarhlutur í hlutdeildarfélagi í efnahagsreikningi.

Fasteignir sem seldar voru inn í Klasa voru í lok árs 2021/22 endurflokkaðar og settar fram sem eignir til sölu í efnahagsreikningi.

#### **Sala á Mjöll Frigg ehf.**

Á tímabilinu var Mjöll Frigg ehf., dótturfélag Olís ehf., selt út úr samstæðunni. Fjárhagsleg áhrif viðskiptanna voru sölutap að fjárhæð 84 millj. kr.

### 18. Onnur mál

Hagar hafa skuldbundið sig til að kaupa fasteign á höfuðborgarsvæðinu. Áætluð afhending er á fyrsta ársfjórðungi 2023/24 og kaupverð nemur um 1.010 millj. kr.

### 19. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Í mars 2022 náðu Hagar samkomulagi við eigendur Eldum rétt ehf. um kaup Haga á öllu hlutafé Eldum rétt. Eldum rétt sérhæfir sig í gerð matarpakka sem viðskiptavinir geta pantað á netinu en í hverri viku geta viðskiptavinir valið á milli nýrra uppskrifta. Eldum rétt var stofnað árið 2013 en stjórnendur og starfsfólk fyrirtækisins hafa skapað sterkt vörumerki á skömmum tíma. Kaupin voru gerð með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins sem samþykkti samrunann þann 17. október 2022. Gert er ráð fyrir að Hagar taki við rekstri félagsins þann 31. október nk.

## SKÝRINGAR, FRH.:

### 20. Starfsþáttayfirlit

Fyrri árhelmingur 2022/23	Verslanir og vöruhús	Olís ehf.	Jöfnunar- færslur	Samtals
Vörusala .....	51.170	31.268	( 826)	81.612
Aðrar rekstrartekjur og söluhagnaður .....	607	742	( 118)	1.231
<b>Heildartekjur starfsþátta</b> .....	<b>51.777</b>	<b>32.010</b>	<b>( 944)</b>	<b>82.843</b>
Heildarrestrargjöld starfsþátta .....	( 47.333)	( 29.417)	944	( 75.806)
<b>EBITDA starfsþátta</b> .....	<b>4.444</b>	<b>2.593</b>	<b>0</b>	<b>7.037</b>
Afskriftir starfsþátta .....	( 1.675)	( 445)	0	( 2.120)
Áhrif hlutdeildarféлага .....	9	129	0	138
<b>Rekstrarafkoma starfsþátta</b> .....	<b>2.778</b>	<b>2.277</b>	<b>0</b>	<b>5.055</b>
Hrein fjármagnsgjöld .....	( 922)	( 48)	0	( 970)
Tekjuskattur .....				( 781)
<b>Hagnaður tímabilsins</b> .....				<b>3.304</b>
<b>31. ágúst 2022</b>				
Eignir starfsþátta .....	47.917	22.164	0	70.081
<b>Eignir samtals</b> .....				<b>70.081</b>
Skuldir starfsþátta .....	32.248	11.047	0	43.295
<b>Skuldir samtals</b> .....				<b>43.295</b>
Fjárfestingar starfsþátta (nettó) .....	( 785)	( 296)	0	( 1.081)

Fyrri árhelmingur 2021/22	Verslanir og vöruhús	Olís ehf.	Jöfnunar- færslur	Samtals
Vörusala .....	47.486	20.465	( 1.032)	66.919
Aðrar rekstrartekjur og söluhagnaður .....	648	36	( 106)	578
<b>Heildartekjur starfsþátta</b> .....	<b>48.134</b>	<b>20.501</b>	<b>( 1.138)</b>	<b>67.497</b>
Heildarrestrargjöld starfsþátta .....	( 43.656)	( 19.438)	1.138	( 61.956)
<b>EBITDA starfsþátta</b> .....	<b>4.478</b>	<b>1.063</b>	<b>0</b>	<b>5.541</b>
Afskriftir starfsþátta .....	( 1.480)	( 422)	0	(1.902)
Áhrif hlutdeildarféлага .....	5	116	0	121
<b>Rekstrarafkoma starfsþátta</b> .....	<b>3.003</b>	<b>757</b>	<b>0</b>	<b>3.760</b>
Hrein fjármagnsgjöld .....	( 616)	( 115)	0	( 731)
Tekjuskattur .....				( 593)
<b>Hagnaður tímabilsins</b> .....				<b>2.436</b>
<b>31. ágúst 2021</b>				
Eignir starfsþátta .....	45.182	19.168	0	64.350
<b>Eignir samtals</b> .....				<b>64.350</b>
Skuldir starfsþátta .....	28.259	9.930	0	38.189
<b>Skuldir samtals</b> .....				<b>38.189</b>
Fjárfestingar starfsþátta (nettó) .....	( 805)	( 141)	0	( 946)